



Foreldrahandbók
Handknattleiksdeildar
Gróttu

Barna – og unglingsráð 2022-2023

- Meðlimir: grotta.is/handknattleiksdeild/stjorn
- Tilgangur barna- og unglingsráðs (BUR) er að standa að traustu og kraftmiklu uppbyggingarstarfi þar sem iðkendur fá tækifæri til auka líkamlegt og andlegt atgervi sitt í jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi. Iðkendum skal gert kleift að sinna íþróttinni í samræmi við getu og áhuga sinn.



Skráning

- www.sportabler.com/shop/grotta
- Greiðsla æfingagjalda er forsenda fyrir þátttöku á æfingum og mótum á vegum félagsins.
- Öllum iðkendum er heimilt að koma og prófa í nokkur skipti áður en gengið er frá skráningu,
- Skráning og greiðsla æfingagjalda þarf að klárast fyrir fyrsta mót vetrar eða sumars.
- Foreldrar eru beðnir um að virða ofangreint.



Foreldraráð

- Fyrir hvern flokk. Skipað tveimur til þremur foreldrum.
 - Skipuleggur tvo félagslega viðburði yfir tímabilið, á haustönn og vorönn.
 - Aðstoðar þjálfara við að skipuleggja mót ef um gistingar er að ræða.
 - Skipuleggur fjáraflanir þegar við á.
-
- **Þrátt fyrir starfandi foreldraráð er mikilvægt að allir foreldrar hjálpist að á mótum barnanna sinna.**



Ferðalög á vegum Gróttu

- Foreldrar/ forráðamenn eru ábyrgir fyrir börnunum sínum meðan á ferðalögum stendur með félaginu.
- Ef að iðkendur fara ekki eftir þeim reglum sem settar eru á ferðalögum með Gróttu þá er hægt að senda viðkomandi iðkanda heim á kostnað foreldra/ forráðamanna.
- Það eru ekki farnar keppnisferðir á vegum Gróttu nema það séu liðsstjórar með hverju liði.
- Þegar komið er í 6 fl. og eldri þurfa foreldrar sem gista á gistimótum að vera af sama kyni og iðkendur.
- Tveir foreldrar að lágmarki þurfa að gista með hverjum árgangi á gistimótum



Samskipti foreldra og þjálfara

- Öll samskipti við þjálfara fara fram í gegnum Sportabler, Gróttu tölvupóstfangi eða í eigin persónu, ekki á messenger eða öðrum forritum.
- Tilkynna skal forföll iðkanda í gegnum Sportabler.
- Mikilvægt er að virða ákvarðanir þjálfara varðandi liðsskipan og treysti ákvörðunum þjálfara. Allar athugasemdir foreldra til þjálfara varðandi liðsskipan berist eftir mót/leik.



Færsla iðkenda upp um flokka

- Leyfilegt er að færa iðkendur upp um flokka/ár en ekki niður.
- Oft er það gert vegna þess að iðkendur eru ekki nógu margir en stundum eru iðkendur sem eru sterkir, færðir upp um flokk til að mæta betur þörfum þeirra og veita þeim áskorun í sterkari hóp.
- Færsla iðkenda um flokk/ár skal vera undantekning og litið skal til margra þátta, þar á meðal félagslegra. Ekki skal færa iðkanda milli flokka ef það hefur áhrif á keppni og æfingar iðkenda í efri flokknum.
- Þegar iðkendur eru færðir upp um hóp tekur þjálfari, í samstarfi við yfirþjálfara félagsins þá ákvörðun, með samþykki foreldra viðkomandi iðkanda.



Siðareglur þjálfara Gróttu

- 1. Meðhöndlaðu alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum. Hafa ber í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega
- 2. Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika
- 3. Haltu á lofti heiðarleika (Fair Play) innan íþróttarinnar
- 4. Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómara taka
- 5. Kenndu iðkendum að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni
- 6. Vertu jákvæður, réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart iðkendum þínum
- 7. Viðhafðu jákvæða gagnrýni og forðastu neikvæða gagnrýni.
- 8. Settu ávallt á oddinn heilsu og heilbrigði iðkenda þinna og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra
- 9. Talaðu alltaf gegn notkun ólöglegra lyfja
- 10. Talaðu ávallt gegn neyslu áfengis og tóbaks



Siðareglur þjálfara Gróttu

- 11. Sýndu athygli og umhyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum
- 12. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf og viðurkenndu rétt iðkandans til að leita ráða frá öðrum þjálfurum
- 13. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði
- 14. Beittu aldrei kynferðislegri áreitni og forðastu of náíð samband við iðkanda þinn
- 15. Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki á leiki né æfingar, nema með leyfi foreldra
- 16. Sinntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og Internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar
- 17. Vertu meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmynd, bæði utan vallar og innan
- 18. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, stjórnmalaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð
- 19. Notfærðu þér aldrei aðstöðu þína sem þjálfari til að uppfylla eigin áhuga á kostnað iðkandans



Góð ráð til foreldra

- 1. Barnið þitt er í íþróttum vegna eigin ánægju en ekki til að gleðja þig
- 2. Hvetja barnið þitt til þátttöku í íþróttum, ekki þvinga það
- 3. Hrósa öllum iðkendum á meðan æfingu, leik eða keppni stendur, ekki aðeins þínu barni
- 4. Hvetja börnin bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs. Ekki gera grín að barni ef mistök eiga sér stað
- 5. Vera börnum fyrirmynd í því að taka ósigri af æðruleysi, taka sigri hrokalaust og sýna andstæðingum kurteisi
- 6. Bera virðingu fyrir störfum þjálfarans, ekki reyna að hafa áhrif á störf hans meðan á leik eða keppni stendur
- 7. Líta á dómarann sem leiðbeinanda barna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans
- 8. Læra að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barnið þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu
- 9. Spyrja barnið hvort keppnin eða æfingin hafi verið skemmtileg eða spennandi, úrslitin eru ekki alltaf aðalatriðið



Áreitni, einelti og ofbeldi

- Við viljum benda á [aðgerðaráætlun Gróttu gegn áreitni, einelti og ofbeldi](#).
- Starfsfólk, þjálfarar, iðkendur, foreldrar og aðrir sem koma að starfi félagsins skulu koma í veg fyrir áreitni, einelti, ofbeldi og aðra ótilhlýðilega hegðun hjá félaginu.
- Lögð er áhersla á að sagt sér frá ef iðkendur verða varir við áreitni, einelti eða ofbeldi, láti vita af því.
- Iðkandi eða foreldri getur snúið sér beint til þjálfara, yfirþjálfara eða barna- og unglingaráðs sem koma málinu í réttan farveg.

